

## Minnisblað

---

Málsnúmer:

Til: Bæjarráðs

Frá: SI

Dags.: 12. september 2023

### Efni: Stuðningur við íslenskukennslu fyrir einstaklinga af erlendum uppruna

---


Bæjarstjóri leggur til aukinn stuðning við íslenskukennslu einstaklinga af erlendum uppruna sem eru með lögheimili í Fjallabyggð. Þannig komi stofnanir Fjallabyggðar til móts við námskeiðskostnað og greiði það sem upp á vantar, að teknu tilliti til framlaga stéttarfélaga. Fari kennslan fram á dagvinnutíma, skal starfsfólki gert kleift að sækja hana án þess að laun skerðist.

Símeý hefur sinnt íslenskukennslu fyrir útlendinga hér í Fjallabyggð með góðum árangri. Stéttarfélög styrkja íslenskukennslu einstaklinga allt að 100%, en þó er hlutfallið mismunandi á milli einstaka félaga. En starfsmenn þurfa að hafa greitt iðgjöld í viðkomandi stéttarfélag að lágmarki í 6 mánuði til að hafa áunnið sér rétt til styrks.

Markmiðið með þessum stuðningi Fjallabyggðar er að gefa þeim einstaklingum sem eru af erlendum uppruna, starfa hjá Fjallabyggð og eru með lögheimili í bæjarfélaginu, auðveldara að sækja sér íslenskukennslu. Þannig er þeim gefið betra tækifæri til að öðlast nauðsynlega færni í íslensku til að þeir geti orðið virkari samfélagsþegnar og átt auðveldara með að samlagast aðstæðum í byggðarlaginu og á landinu í heild.

Fjallabyggð hefur auk þess hlutast til um að auka bókakost og námsgögn í Bókasafni Fjallabyggðar sem nýtast til námsins.

Bæjarstjóri beinir því einnig til annarra vinnuveitenda í bænum að auðvelda starfsmönnum sínum af erlendum uppruna að sækja sér íslenskukennslu.



Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri

Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri